

Umsögn Reykjanesbæjar:

Eftirfarandi var bókað á fundi númer 360 Umhverfis- og skipulagsráðs sem haldinn var þann 7.3.2025 og staðfest á bæjarstjórnarfundum númer 693 sem haldinn var þann 18.3.2025.

Metanólframleiðsla - umsagnarbeiðni (2024080024)

Fyrirhuguð framkvæmd felst í því að framleiða metanól á lóð sem er innan Auðlindagarðsins við Reykjanesvirkjun. Fyrirhuguð framkvæmd er við hlið fyrirhugaðrar vetnis- og metanframleiðslu á sama svæði. Framkvæmdaaðili er Swiss Green Gas International (SGGI). Erindinu var frestað á fundi bæjarstjórnar 18. febrúar 2025 og óskað svara við spurningum fulltrúa umbótar. Svör við spurningum liggur fyrir VSÓ ráðgjöf 25. febrúar 2025. Erindinu var svo vísað aftur til umhverfis- og skipulagsráðs á bæjarstjórnarfundum 4. mars 2025.

Umhverfis- og skipulagsráð f.h. Reykjanesbæjar telur að nægilega sé gerð grein fyrir þeim þáttum sem að sveitarfélaginu snúa og gerir ekki athugasemd við niðurstöðu umhverfismats. Helstu neikvæðu áhrifin eru á ásynd lands og jarðmyndanir en að mestu innan lóðar. Til þess ber að líta að áhrifin eru innan svæðis með skilgreindri landnotkun sem iðnaðarsvæði. Verksvið Reykjanesbæjar er veiting byggingar- og framkvæmdaleyfis. Ef af framkvæmdinni verður þá er mikilvægt að gæta þess að minnka neikvæð áhrif ásyndar og tryggja að fyllstu umhverfiskröfum sé gætt.

Eftirfarandi bókanir voru lagðar fram:

Til máls tók Margrét Þórarinsdóttir og lagði fram eftirfarandi bókun:

1. mál fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs frá 7. mars 2025 - Metanólframleiðsla - umsagnarbeiðni (2024080024).

Umhverfis- og skipulagsráð hefur samþykkt framkvæmd á metanólverksmiðju á Reykjanesi. Þrátt fyrir þessa ákvörðun eru ýmsar áhyggjur sem vert er að benda á áður en bæjarstjórn samþykkir fundargerðina.

Reykjanesbær hefur áður upplifað áskoranir tengdar iðnaðarverkefnum, eins og United Silicon í Helguvík sem olli íbúum óþægindum vegna mengunar og rekstarvandamála. Þessi reynsla undirstrikar mikilvægi þess að fara varlega í ný verkefni og tryggja að öll leyfi og eftirlit séu í lagi til að koma í veg fyrir svipaðar aðstæður.

Swiss Green Gas International (SGGI) er lítið fyrirtæki með sterka hluthafa og svissneska kolefnishlutleysisstefnan virðist vera hluti af ástæðu þess að þetta verkefni er til umræðu. En þó að einkahlutafélög beri takmarkaða ábyrgð, þurfum við að tryggja að raunveruleg ábyrgð sé til staðar. Við verðum að spyrja okkur: Hvernig geta hluthafar tryggt stöðugleika? Getur sveitarfélagið sett skilmála í samninga til að verja sig?

Við höfum áður séð verkefni sem fengu öll tilskilin leyfi en ollu samt skaða eins og ég nefndi hér áður. United Silicon (USI) er skýrasta dæmið. Það sem gerðist með þá verksmiðju er skýr áminning um afleiðingar þess að veita leyfi án nægilegrar ábyrgðar. Hún fékk öll tilskilin leyfi frá eftirlitsstofnunum ríkisins en þegar í ljós kom að hún olli skaða var mjög erfitt að fá henni lokað og enn erfiðara að fá hana fjarlægða. Enn stendur hún sem minnisvarði um slæma ákvörðun og skort á ábyrgð.

Þetta er ástæðan fyrir því að við verðum að gera miklar kröfur til allra verksmiðja sem vilja starfa í okkar sveitarfélagi. Við getum ekki treyst því að eftirlitsaðilar muni tryggja að allt fari eins og skyldi, því reynslan segir okkur annað.

Það voru líka fjársterkir aðilar sem stóðu að baki United Silicon, eins og líffeyrissjóðir og

bankastofnanir. Fjárhagslegt bakland er því engin trygging fyrir því að verkefni sé vel ígrundað eða að það gangi upp. Það skiptir ekki máli hversu sterkir hluthafar eru ef ábyrgðin er ekki skýr og raunveruleg.

Annað stórt áhyggjuefni er skortur á rannsóknum á áhrifum á sjávarlífríki. Engar haldbærar rannsóknir liggja fyrir um hvaða afleiðingar þetta gæti haft á lífríkið við ströndina en þar eru gjöful fiskimið. Þó að skýrslan viðurkenni að ásýnd landsins muni skerðast, þá eru það aðeins ytri áhrif en hvað með þau sem sjást ekki?

Með þessum fyrirvörum samþykkti Umhverfis- og skipulagsráð verkefnið, með skilyrðum um að ásýnd lands yrði lágmörkuð og að umhverfiskröfur yrðu tryggðar. En orð á blaði duga ekki til, við þurfum skýra ábyrgð.

Nú spyr ég meirihlutann Framsókn, Samfylkinguna og Beina Leið, hvernig munum við tryggja að við sitjum ekki uppi með verksmiðju sem minnisvarða um mistök, rétt eins og United Silicon? Er þetta að skapa störf og raunverulegan ávinning, eða erum við einfaldlega að taka áhættu sem getur orðið okkur dýrkeypt?

Við verðum að tryggja að Ríkiseftirlitið vinni sína vinnu áður en við höldum áfram. Það er ekki of seint að bakka út ef það reynist nauðsynlegt.

Við verðum að vanda okkur sem ein heild, því annars getur þetta orðið dýrkeypt mistök. Við megum ekki brenna okkur aftur. Því er brýnt að sveitarfélagið setji stranga skilmála í samninga við SGGI og að eftirlitsstofnanir fylgist náið með framkvæmdinni til að tryggja áreiðanleika og vernda hagsmuni íbúa. Í ljósi þessa þá mun Umbót sitja hjá við atkvæðisgreiðslu málsins.

Margrét Þórarinsdóttir (U) sat hjá í fyrsta máli. fundargerðin samþykkt að öðru leyti 11-0.

Með vísan til ákvæða stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er yður hér með bent á andmælarétt, þar sem þér er heimilt að tjá þig um málið innan 14 daga frá viðtöku þessa bréfs. Athugasemdir sendist á skipulag@reykjanesbaer.is.

Að auki er þér bent á að teljir þú að hér sé um að ræða ágreiningsmál milli þín og embættis, getur þú vísað málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. lög nr. 130/2011. Kærufrestur er almennt einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt um, eða mátti vera kunnugt um þá ákvörðun sem kæra skal.

Bestu kveðjur,

Sigurður Þór Arason

Fulltrúi

Umhverfis- og framkvæmdasvið

Bæjarskrifstofur Reykjanesbæjar,
Tjarnargata 12

Sími +354 421 6700

www.reykjanesbaer.is



Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjanesbæ 30. janúar 2025

Efni: Metanólframleiðsla í Auðlindagarðinum á Reykjanesi, nr. 0958/2024: Kynning umhverfismatsskýrslu. Umsögn HES.


Við er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 12. desember sl., þar sem óskað er umsagnar í skipulagsgátt stofnunarinnar um kynningu á matsáætlun vegna áforma um metanólframleiðslu í Auðlindagarðinum á Reykjanesi.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur tekið til skoðunar þá þætti í umhverfismatsskýrslunni sem gætu helst átt við starfssvið embættisins.

Í kafla 10.2.3 kemur fram að frárennsli frá framleiðslunni verði veitt í bunustokk með affalli Reykjanesvirkjunar og að mögulega gæti gætt áhrifa vegna gruggs og smárra brennisteinsagna. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja telur ástæðu til að benda á að HS Orka er ábyrgðar og rekstraraðila umrædds bunustokks og er undanþága skv. heimild í gr. 9.7 í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp á hendi HS Orku þar sem fráveitan uppfyllir ekki kröfur í ákvæði greinar 9.2 sömu reglugerðar. Liggja verður fyrir heimild frá HS Orku um að fráveita frá metanólframleiðslunni verði veitt í bunustokkinn. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja kann að óska eftir ríkari vöktunaráætlun í fjöru í kjölfar aukinnar losunnar.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja skilaði inn umsögn 15. nóvember 2023 til Skipulagsstofnunar um umhverfismatsskýrslu vegna sama máls og 21. ágúst sl. um mátsáætlunina til kynningar á sama málsnúmeri. Atriði og ábendingar í þeim umsögnum eiga einnig við.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja telur nægilega gert grein þeim þáttum sem embættið tekur sérstaklega til skoðunar og gerir ekki frekari athugasemdir við umhverfismatsskýrsluna.

Viðfangarýlist

J. Trausti Jónsson,
heilbrigðisfulltrúi.

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Sauðárkrókur 30.02.2025
Tilvísun: 202408604

Málefni: Metanólframleiðsla í Auðlindagarðinum á Reykjanesi, nr. 958/2024

Tekin voru saman svör Verkís við athugasemdum Brunavarnasviðs HMS sem bárust vegna matsáætlunar, athugasemd Brunavarnasviðs HMS var eftirfarandi:

„Nauðsynlegt að fjallað verði um ætlað hámarksmagn geymdra afurða s.s. metanóls á hverjum tíma. Hvaða ráðstafanir eru áætlaðar vegna varna gegn mengunarslysum, bruna og mögulegrar sprengihættu.“

Þar óskaði Brunavarnasvið HMS eftir upplýsingum um tölulegt magn geymdra afurða til að meta getu slökkviliðs til viðbragða við hættu á svæðinu. Svör frá Verkís voru eftirfarandi:

„Fjallað verður um hámarksmagn geymdra afurða ásamt ráðstöfum til varna gegn mengunarslysum, bruna og mögulegri sprengihættu í umhverfismatsskýrslu“


Í umhverfismatsskýrslu í kafla 10.7.3 Umhverfisáhrif kemur fram að vetni, súrefni og metanól flokkast undir hættuleg efni, en magn efnanna í verksmiðjunni er undir lægri mörkum sem tilgreind eru í reglugerð 1050/2017. Því er ekki þörf á að gera framangreinda áætlun um stórslysavarnir.

Brunavarnasvið HMS telur því að ekki hafi verið brugðist við athugasemdinni að fullu.

Brunavarnasvið HMS hefur ekki frekari athugasemdir við framlagða matsáætlun en minnir á að komi til framkvæmda er hún háð áhættumati og brunahönnun samkvæmt 9.2.4 gr. byggingarreglugerðar nr.112/2012.

Virðingarfyllst,

f.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar


Ingvar Gygjar Sigurðarson
Sérfræðingur á Brunavarnasviði



Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 30.1.2025

Málsnúmer: 202412-0038

IAS

Efni: Græn metanól - framleiðsla við Reykjanesvirkjun, umhverfismatsskýrsla.

Vísað er í erindi frá Skipulagsstofnun, dagsett 12. desember 2024, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um umhverfismatsskýrslu fyrir metanól verksmiðju við Reykjanesvirkjun.

„Nordur PTX Reykjanes (Nordur PTX) áformar að reisa 28 MW verksmiðju á Reykjanesi við hlið Reykjanesvirkjunar í Auðlindagarði HS Orku. Í verksmiðjunni verður koldíoxíð sem fengið er úr afgasi virkjunarinnar, ásamt vetni sem er framleitt úr vatni með rafgreiningu, notað til að framleiða metanól. Fjallað er um og lagt mat á áhrif framkvæmdar á eftirfarandi umhverfisþætti: vatn, sjó, lífríki, jarðmyndanir, ásynd lands og landslag, ferðamennsku og útivist, efnahættur, náttúruvú, loftgæði, loftslag og samfélag. Að teknu tilliti til mótvægisáðgerða eru áhrif vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar nokkuð neikvæð á umhverfisþættina sjó, ásynd lands og landslag, og efnahættur. Áhrif eru metin óveruleg á lífríki. Samkvæmt umhverfismati mun fyrirhuguð verksmiðja hafa nokkuð neikvæð áhrif á ferðamennsku og útivist á framkvæmdatíma en óveruleg áhrif á rekstrartíma. Áhrif á loftgæði og loftslag almennt eru metin talsvert jákvæð á rekstrartíma. Áhrif á samfélag á framkvæmdatíma eru metin talsvert jákvæð, en nokkuð jákvæð á rekstrartíma. Áhrif á aðra umhverfisþætti og vegna annarra tilhagana eru metin óveruleg eða engin. Á heildina litið eru áhrif verksmiðjunnar á umhverfisþætti metin nokkuð neikvæð til talsvert jákvæð. Helstu neikvæðu þættir framkvæmdar eru vegna óvissu um áhrif brennisteins í affalli til sjávar og vegna landrasks sem mannvirkjagerð hefur í för með sér, en áhrifin á loftgæði og loftslag eru metin talsvert jákvæð.“

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matskýrsluna og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Jarðminjar

Í umfjöllun um jarðmyndanir kemur fram að eldstöðvakerfið Reykjanes gengur á land á Reykjanestá, kerfið er 5-15 km breitt, 45 km, langt og syðstu 9 km eru undir sjó. Ekkert er minnst á að þetta er eitt af örfáum svæðum í heiminum þar sem úthafshryggur gengur á land og hægt er að sjá á þurru landi myndanir sem annars sjást aðeins á hafsbotni. Þetta gerir svæðið einstakt á heimsvísu. Þó svæðið sé þegar raskað þá hefur það enn hátt verndargildi og Náttúrufræðistofnun getur ekki tekið undir að: „Vegna fyrri framkvæmda á virkjunarlóðum er verndargildi jarðminja metið lítið.“ Reykjanesið hefur mjög hátt verndargildi og allar frekari framkvæmdir geta haft áhrif á það.

Í áliti Skipulagsstofnunar um matsáætlun, sem birt var 26. september 2024, kemur fram að gera eigi grein fyrir hversu mikið hraun skerðist vegna mannvirkjagerðar og hvaða áhrif framkvæmdirnar muni hafa á verndarsvæði. Fram kemur í umhverfismatsskýrslu að lóðin er 6,8 ha að stærð og það sé mesta flatarmál hrauns sem raskast. Verksmiðjan verður á 2 ha og líklegt að röskun á hrauni verði um 3 ha.



Fram kemur í kafla um lífríki að hluti af nærliggjandi fjörum, Öngulbrjótsnef, er tilnefndur á B-hluta náttúruminjaskrár en ekkert er fjallað um að svæðið Reykjanes, Eldvörp og Hafnaberg er á C-hluta náttúruminjaskrár, svæði 106 en um það segir¹: „Reykjanesið er framhald Reykjanes hryggjarins á landi. Stórbrotin jarðfræði, m.a. gígaraðirnar Eldvörp og Stampar, dyngjurnar Skálafell, Háleyjabunga og Sandfellshæð, ásamt fjölda gjáa, sprungna og hrauntjarna. Allmikið hverasvæði, fjölskrúðugur jarðhitagróður, sérstæð volg sjávartjörn. Hafnaberg er lágt fuglabjarg með fjölmörgum tegundum bjargfugla. Aðgengilegur staður til fuglaskoðunar.“

Þá má benda á að í Þingsáætlun um náttúruverndaráætlun 2004-2008², sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 2004, var ályktað að unnið skyldi að friðlýsingu 14 svæða á landinu á næstu fimm árum. Eitt þessara svæða var Reykjanes-Eldvörp-Hafnarberg sem sagt var „...einstakt svæði á heimsvísu, þar má sjá framhald úthafshryggs á þurru landi, þar sem tvær jarðskorpuplötur gliðna í sundur.“ Ekkert hefur orðið af þessari friðlýsingu og verndargildi eins merkasta jarðminjasvæðis landsins hefur rýrnað nokkuð frá því þingsályktunin var samþykkt. Að mati Náttúrufræðistofnunar þyrfti við allar framkvæmdir að fjalla um áhrif þeirra á verndargildi þessa svæðis sem eins og áður segir hefur verulega hátt verndargildi á heimsvísu og telst eitt merkasta jarðminjasvæði landsins.

Lífríki

Nokkur óvissa er um áhrif frárennslis, sérstaklega smárra brennisteinsagna, á efnafræði sjávar og lífríki og því er mikilvægt að vel verði staðið að fyrirhugaðri vöktun.

„Lífríki fjörunnar við útrás affallsvatnsins frá Reykjanesvirkjun hefur verið vaktað frá árinu 2013, til að meta áhrif snefil- og næringarefna í affallsvatninu. Næst útrásinni er mikið um klóþang, krækling og sjóarkræðu. Dreifing affallsvatns, metin út frá hitamynd, gefur til kynna að sjórinn leiti fyrst og fremst norður með ströndinni [13].“

„Þar sem ekki liggja fyrir fordæmi um losun brennisteins til sjávar er nauðsynlegt að fylgjast með áhrifum þess á gæði vatnshlots. Stefnt er að vöktun til að leggja nákvæmara mat á áhrif losunarinnar á vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand vatnshlotsins Þorlákshafnar að Höfnum og mögulega nærliggjandi vatnshlots einnig (Þorlákshöfn að Svörtuloftum, 104-1393-C). Vöktunaráætlun verður útfærð fyrir útgáfu starfsleyfis en framkvæmdaraðili áformar að hafa samráð við sérfræðinga við útfærslu vöktunar. Möguleiki er á að viðbót við núverandi vöktun feli í sér skoðun á skeldýrum, t.d. kræklingum, sem henta vel til að vakta mengun sjávar þar sem þeir sía ýmis snefilefni úr sjónum.“

Að öðru leyti telur Náttúrufræðistofnun að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdunum, mögulegum umhverfisáhrifum og mótvægisáðgerðum.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson,

jarðfræðingur

- 1 <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudvesturland/>
- 2 <https://www.althingi.is/altext/pdf/130/s/0716.pdf>

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartúni 7b, 105 Reykjavík

7. febrúar 2025
202502-0009/S.K.V.
08.10

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Umhverfismatsskýrsla - metanólframleiðsla í Auðlindagarðinum á Reykjanesi

Vísað er til erindis Sigurðar Ásbjörnssonar Skipulagsstofnunar er barst 4. febrúar sl. Þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um umhverfismatsskýrslu vegna Metanólframleiðslu í Auðlindagarðinum á Reykjanesi.

Í skýrslunni kemur fram að Nordur PTX Reykjanes (Nordur PTX) áformar að reisa 28 MW verksmiðju á Reykjanesi við hlið Reykjanesvirkjunar í Auðlindagarði HS Orku. Í verksmiðjunni verður koldíoxíð sem fengið er úr afgasi virkjunarinnar, ásamt vetni sem er framleitt úr vatni með rafgreiningu, notað til að framleiða metanól. Fjallað er um og lagt mat á áhrif framkvæmdar á eftirfarandi umhverfisþætti: vatn, sjó, lífríki, jarðmyndanir, ásjúnd lands og landslag, ferðamennsku og útivist, efnahættur, náttúruvá, loftgæði, loftslag og samfélag. Að teknu tilliti til mótvægisáðgerða eru áhrif vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar nokkuð neikvæð á umhverfisþættina sjó, ásjúnd lands og landslag, og efnahættur. Áhrif eru metin óveruleg á lífríki. Samkvæmt umhverfismati mun fyrirhuguð verksmiðja hafa nokkuð neikvæð áhrif á ferðamennsku og útivist á framkvæmdatíma en óveruleg áhrif á rekstrartíma. Áhrif á loftgæði og loftslag almennt eru metin talsvert jákvæð á rekstrartíma. Áhrif á samfélag á framkvæmdatíma eru metin talsvert jákvæð, en nokkuð jákvæð á rekstrartíma. Áhrif á aðra umhverfisþætti og vegna annarra tilhagana eru metin óveruleg eða engin. Á heildina litið eru áhrif verksmiðjunnar á umhverfisþætti metin nokkuð neikvæð til talsvert jákvæð. Helstu neikvæðu þættir framkvæmdar eru vegna óvissu um áhrif brennisteins í affalli til sjávar og vegna landrasks sem mannvirkjagerð hefur í för með sér, en áhrifin á loftgæði og loftslag eru metin talsvert jákvæð.

Náttúruverndarstofnun hefur kynnt sér matskýrsluna og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Árið 2023 var lögð var fram umhverfismatsskýrsla um vetnis og metanframleiðslu á Reykjanesi til kynningar og athugunar Skipulagsstofnunar sbr. 23. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Þar var lítilega minnst á mögulega aðra verksmiðju sem gæti framleitt metanól. Þessi möguleiki er það sem lagt er fram hér og ljóst að sameiginleg áhrif þessara tveggja verksmiðja eru mun meiri en áhrif hvorrar fyrir sig. Í lögum um mat á umhverfisáhrifum segir að þegar fleiri en ein matsskyld framkvæmd eru

Náttúruverndarstofnun

fyrirhugaðar á sama svæði eða framkvæmdirnar eru háðar hver annarri getur Skipulagsstofnun að höfðu samráði við viðkomandi framkvæmdaraðila og leyfisveitendur ákveðið að umhverfisáhrif þeirra skuli metin sameiginleg. Einnig segir á öðrum stað í sömu lögum að í skýrslunni skal tilgreina þau áhrif, uppsöfnuð og samvirk, bein og óbein, sem fyrirhuguð framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir kunna að hafa á umhverfi og samspil einstakra þátta í umhverfinu.

Að öðru leiti er það mat Náttúruverndarstofnunar að þessi framkvæmd muni valda óafturkræfu raski á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar og hafa því neikvæð áhrif á það og á svæði sem er á náttúruminjaskrá.

Virðingarfyllst,

Sveinn Kári Valdimarsson

Sérfræðingur

Axel Benediktson

sérfræðingur

Skipulagsstofnun
b.t. Sigurðar Ásbjörnssonar
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 29. janúar 2025
UST202412-123/A.Ö.H.
10.05.00

Efni: Umsögn um umhverfismatsskýrslu - metanólframleiðsla í Auðlindagarðinum á Reykjanesi

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 11. desember sl. þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um umhverfismatsskýrslu Nordur PTX Reykjanes vegna metanólframleiðslu á Reykjanesi. Stofnunin hafði áður veitt umsögn vegna matsáætlunar sömu framkvæmdar dags. 22. ágúst 2024. Umhverfisstofnun var lögð niður 31. desember 2024. Þann 1. janúar 2025 tók Umhverfis- og orkustofnun til starfa en hún tekur við verkefnum, réttindum og skyldum, eignum og skuldbindingum Orkustofnunar og þess hluta af starfsemi Umhverfisstofnunar er lýtur að umhverfis- og loftslagsmálum, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 110/2024 um Umhverfis- og orkustofnun.

Framkvæmdarlýsing

Nordur PTX Reykjanes hyggur á uppbyggingu á 28 MW metanól verksmiðju á Reykjanesi. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er á iðnaðarsvæði I5 við Reykjanesvirkjun, við hlið fyrirhugaðrar metan- og vetnisverksmiðju á næstu lóð sem lokið hefur umhverfismati.

Áætluð ársframleiðsla verksmiðjunnar gæti orðið allt að 17.000 tonn af metanóli sem nýtt verður innanlands og/eða til útflutnings. Framleiðslugeta er háð magni koldíoxíði (CO_2) í afgasi og stendur til að nýta allt magn af CO_2 sem er til staðar. Við framleiðsluna verður einnig notað vetni sem framleitt verður með rafgreiningu vatns, eftir þörfum. Helstu mannvirki verksmiðjunnar eru rafgreiningarstöð, CO_2 hreinsistöð, metanólframleiðslustöð, stjórnstöð og geymslusvæði. Aðföngin sem þarf til framleiðslunnar eru raforka, CO_2 ríkt gas og vatn.

Stjórn vatnamála

Í greinargerð kemur fram að frárennsli frá verksmiðjunni vegna gashreinsunar mun renna til sjávar í bunustokk með affalli Reykjanesvirkjunar við Kistu og að straumurinn gæti innihaldið m.a. snefilmagn af þungmálum úr afgasi virkjunarinnar. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að gera þarf grein fyrir því hvaða þungmálmar þetta eru og magn þeirra í straumnum.

Einnig telur Umhverfis- og orkustofnun að skerpa þurfi á umfjöllun um samlegðaráhrif við aðra starfsemi á svæðinu sem eru með losun í sama vatnshlot.

Í greinargerð kemur fram að áhrif á strandsjávarhlotið Þorlákshöfn að Höfnum (104-1383-C) eru talin *nokkuð neikvæð*. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að meta þarf áhrif framkvæmdarinnar á þá gæðapætti sem liggja til grundvallar ástandsflökkunar vatnshlota og hvort framkvæmdin hafi áhrif á umhverfismarkmið þeirra. Vill stofnunin benda á að gefnar hafa verið út leiðbeiningar¹ um það hvernig framkvæmdaraðilar eigi að bera sig að við gerð áhrifamats fyrir vatnshlot. Minnir stofnunin á að umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega bindandi og má ástand þeirra ekki rýrna, hvorki tímabundið né varanlega. Áhrifamat þarf að liggja fyrir áður en leyfi vegna framkvæmdanna eru gefin út.

Samantekt

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að búið er að skilgreina bestu aðgengilegu tækni fyrir starfsemi sem þessa. Stofnunin ítrekar að notast skal við niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni, vegna framleiðslu á lífrænum íðefnum í miklu magni². Einnig skal notast við niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni varðandi sameiginleg hreinsunar- og stjórnunarkerfi fyrir skólþ og úrgangsloft í íðefnageiranum³.

Umhverfis- og orkustofnun telur að gera þurfi grein fyrir því hvaða þungmálmar yrðu losaðir í bunustokkinn, magn þeirra og áhrif þeirra á umhverfið. Stofnunin gerir því kröfu um að gert verði áhrifamat á vatnshlotin sem starfsemin mun hafa áhrif á í samræmi við lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Áhrifamatinu og ítarlegri upplýsingar um samlegðaráhrif með fyrirhugaðri metan- og vetnisverksmiðju á næstu lóð þarf að skila inn með starfsleyfisumsókninni.

Virðingarfyllst,

Arnar Össur Harðarson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur

¹ Áhrifamat fyrir vatnshlot. Stjórn vatnamála

² <https://www.efta.int/sites/default/files/media/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/translated-acts/icelandic/i32017D2117.pdf>

³ <https://www.efta.int/sites/default/files/media/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/translated-acts/icelandic/i32016D0902.pdf>

Skipulagsstofnun
Bt. Sigurðar Ásbjarnarsonar
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Dags.. 4. febrúar 2025
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2024-0208

Með erindi dags. 12. desember sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um umhverfismatsskýrslu vegna fyrirhugaðra framleiðslu á metanóli sem er innan Auðlindagarðsins við Reykjanesvirkjun.

Umsögn Veðurstofu Íslands er sem hér segir:

Veðurstofan hefur lesið yfir Umhverfismatsskýrslu út frá náttúruvá og hvort tekið sé tillit til hennar:

Athugasemdir við texta:

1. Jarðmyndanir (bls. vi-vii)

Texti úr skýrslu:

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er á víðáttumesta hrauni Reykjaness sem nefnist Tjaldstaðagjárhraun. Framkvæmdasvæðið er við Reykjanesvirkjun, sem er á nútímahrauni sem nefnist Eldra-Stampahraun og rann fyrir um 1900 árum úr gígaröðinni Eldri Stampagígaröðin, frá Stampareininni.

Betur færi að segja:

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er við Reykjanesvirkjun, á einu víðáttumesta hrauni Reykjaness sem nefnist Tjaldstaðagjárhraun. Það hefur runnið nokkrum árum eða áratugum eftir Eldra Stampagosið sem rann frá Stampareininni fyrir um 1900 árum úr Eldri Stampagígaröðinni en hraunin tvö voru að öllum líkindum hluti sömu elda.

2. Náttúruvá (bls. vii-viii)

Texti úr skýrslu:

Vegna gosvirkni síðustu ár hefur verið hægt að skoða fyrirboða eldgosa í Reykjaneskerfinu, sem hafa ekki verið skilgreindir að öðru leyti en að búast mætti við aukinni skjálftavirkni, þenslu og breytingum á jarðhitavirkni áður en gos yrði. Þekktur fyrirboði um eldgos síðustu ár hefur verið að þensla mælist á svæðinu sem bendir til að kvika byrji að fylla í kvikuhólfði sem veldur jarðskjálftum. Helsti fyrirboðinn um nýjar sprunguopnanir hefur verið fall í styrk óróa í jörðu eftir tímabil aukinnar skjálftavirkni, mælt með skjálftamælum á svæðinu.

Betur færi að segja:

Fyrirboðar eldgosa á Reykjaneskaga hafa hingað til ekki verið skilgreindir að öðru leiti en að búast mætti við aukinni skjálftavirkni, þenslu og breytingum á jarðhitavirkni áður en gos yrði. Gera má ráð fyrir að fyrirboðar eldgosa í Reykjaneskerfinu séu sambærilegir þeim sem nú eru vel þekktir í nágrenni.

Svartsengi þar sem síðustu mánuðir hafa einkennst af endurteknum gosum í kjölfar landriss og aukningar jarðskjálftavirkni af völdum kvikusöfnunar á um 4 km dýpi, dögum, vikum og jafnvel mánuðum fyrir upphaf goss. Nýjar sprunguopnanir eru líklegastar til að sjást eftir stóra jarðskjálfta, eða ef gliðunaratburður og/eða gangainnskot hefur átt sér stað.

Texti úr skýrslu (bls. viii):

Næmi verksmiðjunnar fyrir náttúruhamförum er ekki mikið með tilliti til hönnunar og staðsetningar:

Þetta er sterk fullyrðing þar sem framkvæmdasvæðið er mjög nálægt flekaskilum á einum líklegasta upptakastað eldgosa á Reykjanesskaga (sjá t.d. mynd nr. 8 í Langtímahættumati Reykjanesskaga vestan Kleifarvatns, Tækniskýrsla

https://icelandicvolcanoes.is/data/Gosva/ReykjanesGreinagerð_Final_BAO_ofl_2023_01_20230828.pdf).

Þessa setningu getur Veðurstofan ekki tekið undir og hana þarf að laga (sjá frekari athugasemdir um Kafla 10.8).

Kaflí 7.4

Texti úr skýrslu (bls 16):

Einnig þarf að leggja gaslögn frá jarðvarmavirkjuninni í Svartsengi að verksmiðjunni og setja þar upp þrýstibúnað og mögulega einnig gashreinsistöð í Svartsengi (auka valkostur).

Þegar þar að kemur þarf að skoða legu og hönnun þessarar lagnar vel m.t.t. eldvirkni og sprunguhreyfinga.

Kaflí 10.8 Náttúruvá (bls. 60-62)

Þennan kafla þarf að vinna betur, í honum eru staðreyndavillur, heimildir vantar fyrir ákveðnum atriðum (t.d. 30-100 cm gjóskuþykkt á Reykjanesi ef gýs nálægt suðvesturströndinni) og heimildir (vefsíður) sem vísað er í gefa ekki augljóslega þær upplýsingar sem vísað er til (t.d. *Helsti fyrirboðinn um nýjar sprunguopnanir hefur verið fall í styrk óróa í jörðu eftir tímabil aukinnar skjálftavirkni, mælt með skjálftamælum á svæðinu [33]*). Þar sem 33 er er spurt og svarað síða á vef Veðurstofunnar og efnið sem vísað er til finnst ekki við grófa leit, sama á við um *Samanborið við gosin í Fagradalsfjallskerfinu eru Sundhnúksgígakerfið öflugra en gosin standa stutt yfir [32]* en heimild 32 inniheldur þessar upplýsingar ekki fljótt á litid).

Á bls 62 stendur: “Þó Reykjanessvæðið sé eldgosasvæði er þó talið einstaklega ólíklegt að hraun komi upp beint undir verksmiðjunni eða þá að hraun renni þar yfir”.

Veðurstofan getur ekki tekið undir þessa fullyrðingu, framkvæmdasvæðið stendur á um 1900 ára gömlu hrauni og í innan við kílómetra fjarlægð er sögulegt hraun. Svæðið er eitt líklegt upptakasvæði eldsumbrota (sjá

https://icelandicvolcanoes.is/data/Gosva/ReykjanesGreinagerð_Final_BAO_ofl_2023_01_20230828.pdf)

og því er mjög djúpt í árina tekið að segja einstaklega ólíklegt að hraun renni á svæðinu.

Að auki er mikilvægt að hafa í huga að þar sem framkvæmdasvæðið er á tiltölulega ungu hrauni er mögulegt að eldri sprungur séu huldar á framkvæmdasvæðinu

Til að vinna kafla 10.8 betur er bent á eftirfarandi heimildir:

Langtímahættumat Reykjanesskaga vestan Kleifarvatns

https://icelandicvolcanoes.is/data/Gosva/Reykjanes_OpinSkyrsla_Final_VI_2023_003_Reykjanes_20230823.pdf

Langtímahættumat Reykjanesskaga vestan Kleifarvatns – Tækniskýrsla

https://icelandicvolcanoes.is/data/Gosva/ReykjanesGreinagerð_Final_BAO_ofl_2023_01_20230828.pdf

Kaflí um Reykjanesskagann og Reykjanes í bókinni Náttúruvá á Íslandi sem gefin var úr af Viðlagatryggingu og Háskólaútgáfunni árið 2013

Efni á Íslensku eldfjallavefsjánni (www.islenskeldfjoll.is, www.icelandicvolcanoes.is) en frekari heimildir um eldstöðvakerfi Reykjaness og Svartsengis má finna þar í kafla 13 undir Nánari lýsing (Detailed Description).

Veðurstofan vill benda á fyrirhugaðar framkvæmdir kunna að kalla á gerð áhrifamats fyrir vatnshlot, en leiðbeiningar hafa verið gefnar út um það hvernig eigi að bera sig að við mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Virðingarfyllst,
fh. Veðurstofu Íslands



Hlíf Sævarsdóttir
Sérfræðingur á rekstrarsviði